

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Páli Val Björnssyni um verkefnið *Nám er vinnandi vegur*.

1. *Hver er staða verkefnisins Nám er vinnandi vegur? Stendur til að halda því áfram? Ef svo er, í hvaða mynd?*

Í fjárlögum fyrir árið 2012 voru veittar 1.790 millj. kr. til menntunaráttaksins *Nám er vinnandi vegur*, NVV. Verkefnið var hluti af vinnumarkaðsaðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Framlagið skiptist á þann veg að 800 millj. kr. voru ætlaðar í kennslukostnað við námstækifæri allt að 1.000 atvinnuleitenda, 440 millj. kr. til að tryggja nemendum undir 25 ára aldri skólavist í framhaldsskólum að uppfylltum tilteknum skilyrðum, 40 millj. kr. til að gera skila á milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu sveigjanlegri, 60 millj. kr. til að auka framboð á raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar, 300 millj. kr. í þróunarsjóð til eflingar starfstengdu námi og 150 millj. kr. í vinnustaðanámsjóð sem ætlað var að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustöðum. Fjárveitingarnar voru tímabundnar, ýmist til tveggja eða þriggja ára. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 er lagt til að þessar fjárveitingar falli niður og ekki gert ráð fyrir halda verkefninu áfram. Gerðir voru samningar við Háskólann á Bifröst og Reykjavíkurborg um átaksverkefni í Norðvesturkjördæmi og í Breiðholti. Verið er að ljúka þessum átaksverkefnum og ýmsum verkþáttum sem úthlutað hefur verið til. Áætlað er að öllum þáttum átaksins *Nám er vinnandi vegur* verði lokið um mitt ár 2015.

2. *Var þeim skólastofnunum sem gefinn var kostur á að senda inn hugmyndir varðandi verkefnið haustið 2013 svarað? Ef ekki, hvers vegna?*

Ráðuneyti auglýsti 8. maí 2013 eftir umsóknum um styrki til að efla starfsmenntun samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um átakið *Nám er vinnandi vegur*. Umsóknarfrestur var til 1. júní 2013. Lögð var áhersla á fjögur verkefni á þessu sviði. Eitt þeirra var „Samstarfsverkefni aðila úr atvinnulífi, háskóla/skólum, framhaldsskóla/skólum og e.t.v. framhaldsfræðslu þegar við á til þess að þróa, koma á laggirnar og tilraunakenna námsbraut á 4. þrepi, með opnum leiðum til áframhaldandi náms á háskólastigi.“

Fjórar umsóknir bárust um þetta verkefni. Eftir ítarlega umfjöllun taldi stýrihópur verkefnisins að ekki væri grundvöllur til að styrkja verkefnið og var því öllum umsóknunum hafnað. Í bréfi dagsettu 20. janúar 2014 var a.m.k. einum umsækjenda kynnt þessi niðurstaða. Hafi aðrir umsækjendur ekki fengið skriflega tilkynningu þar um eru það mistök.

3. *Hverjir fengu úthlutað því fjármagni sem ætlað er í þennan lið í fjárlögum fyrir árið 2014?*

Í fjárlögum ársins 2014 er fjárveitingum vegna átaksins skipt niður á fjögur viðföng, þ.e. 40 millj. kr. á 02-319 1.41 *Framkvæmd nýrrar skólastefnu*, 230,3 millj. kr. á 02-320 1.01 *Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði*, 29,3 millj. kr. á 02-451 1.11 *Framhaldsfræðsla, almenn* og 150 millj. kr. á 02-519 1.10 *Vinnustaðanámsjóður*.

Eftirfarandi töflur sýna millifærslur og greiðslur af viðkomandi viðföngum.

Af 02-320 1.01 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði.

Millifærslur fjárheimilda af fjárlagaliðnum:

Fært á háskóla (HÍ, HA og HR) vegna NVV-uppgjörs .....	39.875.000
Fært á 319-190 vegna samnings um Myndlistaskólann í Reykjavík .....	45.000.000
Fært á 518-110 vegna samninga við Bifröst og Reykjavíkurborg .....	70.000.000

Greiðslur:

Fisktækniskóli Íslands, samkvæmt samningi. Uppgjör haust 2013 .....	5.000.000
Fisktækniskóli Íslands, samkvæmt samningi. Vorönn 2014 .....	15.000.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík, samkvæmt samningi. MMK11110006, vorönn 2014 .....	16.000.000

Af 02-451 1.11 Framhaldsfræðsla, almennt.

Millifært á framhaldsskólana vegna náms- og starfsráðgjafa á vorönn 2014 .....	23.550.000
Millifært á Kvíabryggju vegna náms- og starfsráðgjafa á vorönn 2014 .....	750.000

Af 02-519 1.10 Vinnustaðanámssjóður.

Í töflunni hér á eftir getur annars vegar að líta yfirlit yfir greiðslur til sveitarfélaga og stofnana sem annast starfsþjálfun nemenda í heilbrigðis- og umönnunargreinum. Hins vegar eru greiðslur til IDUNN-AR – fræðsluseturs og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sem annast útborgun styrkja til fyrirtækja í lög-giltum iðngreinum sem bjóða nemendum upp á vinnustaðanám. Ekki er um endanlegt yfirlit yfir úthlut-anir ársins að ræða, aðeins það sem ráðuneytið hafði greitt af þessum fjárlagalið 1. desember 2014.

#### Greiðslur:

IDAN – fræðslusetur, umsýsluþóknun janúar – júní 2014 .. 9.459.840

#### Styrkir:

AE starfsendurhæfing .....	36.000
Ás styrktarfélag .....	240.000
Borgarholtsskóli .....	60.000
Félag eldri borgara í Hafnarfirði .....	24.000
Félags- og tómstundamiðstöðin Gufunesi .....	120.000
Fljótaldshérað .....	192.000
Fríðuhús .....	120.000
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins .....	3.294.960
Grund, elli- og hjúkrunarheimili .....	324.000
Handverkstæðið Ásgarður .....	36.000
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins .....	72.000
Holtaskóli .....	72.000
Hrafnista, Kópavogi .....	132.000
Hrafnista, Hafnarfirði .....	252.000
Hrafnista, Reykjavík .....	180.000
IDAN – fræðslusetur ehf. ....	101.778.000
Landspítali .....	6.240.000
Ljósið .....	24.000
Mörk, hjúkrunarheimili .....	468.000
Reykjavíkurborg .....	351.000
Samhjálp .....	120.000
Skálatúnsheimilið .....	24.000